

Frá: Stofnframlag – HMS

Sent: þriðjudagur, 12. apríl 2022 14:43

Til: Gísli Halldór Halldórsson

Efni: 202203344 - Stofnframlag sveitarfélags skv. lögum um almennar íbúðir - Brynja hússjóður ÖBÍ

Góðan dag,

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur borist umsókn frá Brynju hússjóði ÖBÍ um stofnframlag ríkisins á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Sótt er um vegna kaupa á 7 íbúðum í Árborg fyrir öryrkja. Stofnvirði íbúða skv. umsókn er kr. 334.686.034,-.

Með erindi þessu er óskað eftir því að **sveitarstjórn Árborgar** staðfesti hvort sveitarfélagið hafi samþykkt umsókn framangreinds umsækjanda um stofnframlag sveitarfélags. Í því samhengi er bent á að það er forsenda fyrir veitingu stofnframlags ríkisins að sveitarfélag þar sem almenn íbúð verður staðsett veiti umsækjanda jafnframt stofnframlag sveitarfélags, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga nr. 52/2016.

Kveðja / Best regards

Sara Fönn Einarsdóttir - HMS

sérfræðingur

Lögaðilar og stofnframlög

HMS



JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 4406400